



Samþykkt um skilti í lögsögu Reykjavíkur

Borgarskipulag Reykjavíkur
Byggingarfulltrúinn í Reykjavík
Umferðardeild borgarverkfræðingsins í Reykjavík

6. ágúst 1997

1. KAFLI.

GILDISSVIÐ SAMÞYKKTARINNAR.

- 1.1. Samþykkt þessi gildir innan lögsögu Reykjavíkur.
- 1.2. Samþykktin gildir um hvers konar skilti og auglýsingar sem sótt er um leyfi fyrir hjá embætti byggingarfulltrúa eða byggingarnefnd eftir gildistöku samþykktarinnar, svo og um breytingar á þeim.
- 1.3. Undanþegin ákvæðum samþykktarinnar eru þó:
- a) auglýsingar á bifreiðum.
 - b) auglýsingar innanhúss enda séu þær staðsettar amk. einum metra innan við glugga eða hurðarop þegar þær eru sýnilegar að utan.
 - c) auglýsingar á íþróttaleikvöngum enda snúi þær inn á við að leikvanginum.
 - d) auglýsingar sem eru órjúfanlegur hluti af hönnun byggingar.
- 1.4. Hver sá, sem á lögvarinna hagsmuna að gæta, getur innan eins mánaðar frá því að honum var kunnugt um ákvörðun byggingarfulltrúa varðandi auglýsingaskilti, skotið þeirri ákvörðun til úrskurðar byggingarnefndar. Um málskot fer að öðru leyti eftir 7. mgr. 8 gr. byggingarlaga nr. 54, 1978, sbr lög nr. 37, 1993.

2.KAFLI.

HUGTÖK OG FLOKKUN

- 2.1. Með orðunum skilti og auglýsing og öðrum samsvarandi orðum er í samþykkt þessari er átt við hvers konar texta, myndir eða myndverk ásamt tilheyrandi auglýsingastandi, borðum, spjöldum og öðrum sambærilegum tilfæringum, sem ætlað er að vekja athygli almennings á vörum, þjónustu eða starfsemi hvers konar. Gildir þá einu hvort þau eru hreyfanleg eða fäst eða komið fyrir til lengri eða skemmri tíma, hvort þau eru á einkalóð, opinberu svæði eða mannvirki né hvernig þeim er komið fyrir, t.d. hvort þau eru máluð á húsvegg, mynduð með lýsingu eða með öðrum sambærilegum hætti
- 2.2. Með orðinu flettiskilti er átt við skilti þar sem skipt er um mynd á skiltinu með stuttu millibili á vélrænan hátt.
- 2.3. Með orðinu ljósaskilti er átt við skilti þar sem form eða texti eru mynduð með ljósum, eða öðrum samsvarandi hætti.
- 2.4. Með orðinu bráðabirgðaskilti er átt við viðburðaskilti eða auglýsingu sem tengist nákvæmlega tímasettum viðburðum, s.s. hátíðum, sýningum, kosningum, ráðstefnum, mótum og keppni og skiltum sem sett eru upp vegna bygginga- eða vegaframkvæmda og greina t.d. hver hafi hannað mannvirkið eða hafi umsjón með framkvæmdum. Bráðabirgðaskilti eru einnig öll lausaskilti sem ekki eru fest varanlega við jörð eða mannvirki.
- 2.5. Með orðinu upplýsingaskilti og fræðsluskilti er átt við skilti sem sett eru upp til upplýsinga og fræðslu á friðlýstum svæðum, almennum útivistarsvæðum, garðsvæðum og leiksvæðum.

- 2.6. Með orðinu veggspjald er átt við plaggat sem hægt er að líma eða festa á annan hátt á húsvegg.
- 2.7. Með orðinu þjónustuskilti er átt við skilti sem sýna nafn og heimilisfang íbúa, heiti fyrirtækis, þjónustu, starfsemi eða vörumerki þess, sem er komið fyrir á eigin lóð eða starfsstöðvar auglýsandans.
- 2.8. Með stærð auglýsingaskilta er átt við heildarumfang auglýsinga, þ.e. heildarbreidd, heildarhæð o.s.frv.
- 2.9. Flokkun svæða í 5. og 6. kafla samþykktar þessarar byggist á aðalskipulagi Reykjavíkur sem er í gildi á hverjum tíma. Miðað er við að hver landnotkunarflokkur sé aðallandnotkunarflokkur á viðkomandi svæði, eða annar tveggja landnotkunarflokka.
- 2.10. Miðborg Reykjavíkur er skilgreind í samþykkt þessari eins og hún er afmörkuð í aðalskipulagi Reykjavíkur á hverjum tíma og sýnd er með gulum lit að viðbættum götukafli á Skólavörðustíg frá Klapparstíg að Njarðargötu. Þessi götukafli er sýndur sem blanda af íbúðarsvæði og miðborg í núgildandi aðalskipulagi.
- 2.11. Flokkun í stofnbrautir, tengibrautir og aðrar götur í 5. kafla samþykktar þessarar byggir á flokkun aðalskipulags Reykjavíkur á hverjum tíma.

3.KAFLI.

UMSÓKNIR OG LEYFISVEITING.

3.1. Umsóknir.

3.1.1. Hver sá sem óskar leyfis til að setja upp eða koma fyrir skilti eða auglýsingu skal skila skriflegri og undirritaðri umsókn til byggingarfulltrúa. Hverri umsókn skal fylgja eftirfarandi :

- a) Nafn, heimilisfang og símanúmer eiganda skiltis eða auglýsingar.
- b) Heiti lóðar sem umsóknin tekur til.
- c) Málsett afstöðumynd í mkv. 1:500 sem sýnir staðsetningu skiltis eða auglýsingar þar sem við á.
- d) Útlitsmyndir og sneiðingar í mkv. 1:100 og ljósmyndir eftir því sem við á auk texta sem á að vera á skilti eða auglýsingu.
- e) Greinargerð um uppsetningu, festingar og gerð skiltis.
- f) Viðurkenning Rafmagnseftirlits ríkisins þegar við á.
- g) Nafn og heimilisfang þess sem hannar skilti eða auglýsingu.
- h) Undirritað samþykki lóðarhafa eða meðlóðarhafa.
- i) Aðrar upplýsingar sem byggingarfulltrúi telur nauðsynlegar.

3.1.2. Um rétt til þess að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af skiltastöndum og burðarvirkjum eða byggingarhlutum er kunna að fylgja skiltum fer eftir ákvæðum greina í kafla 3.5 í byggingarreglugerð nr. 177, 1992.

3.1.3. Um rétt til þess að setja upp skilti og auglýsingar fer eftir ákvæðum 4. kafla, gr. 4.1, í byggingarreglugerð nr. 177, 1992.

3.2. LEYFISVEITING.

3.2.1. Byggingarfulltrúi veitir leyfi fyrir skiltum og auglýsingum ef umsókn uppfyllir ákvæði samþykktar þessarar. Þegar sérstaklega stendur á, getur hann vísað umsókn til byggingarnefndar. Umsóknir um leyfi fyrir fletti- og ljósaskiltum skulu þó jafnan lagðar fyrir byggingarnefnd.

3.2.2. Byggingarfulltrúi getur heimilað uppsetningu bráðabirgðaskilta og skulu þau ekki sett upp fyrr en 4 vikum fyrir viðburð. Þau skal taka niður eigi síðar en tveimur dögum eftir viðburð.

3.2.3. Byggingarfulltrúi og byggingarnefnd geta gefið tímabundin leyfi fyrir skiltum og auglýsingum.

3.2.4. Leyfisgjald skal fara eftir kafla 9.2. í byggingarreglugerð.

3.2.5. Óheimilt er að setja upp eða koma fyrir auglýsingu eða skilti, þótt leyfisumsókn hafi hlotið endanlegt samþykki, fyrr en leyfisgjald hefur verið greitt og iðnmeistarar, eftir því sem við á, hafa áritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á verkinu.

3.2.6. Ef leyfisgjald er ekki greitt og viðeigandi iðnmeistarar hafa ekki áritað yfirlýsingu um ábyrgð sína innan 12 mánaða frá endanlegri samþykkt leyfisumsóknar, fellur leyfið úr gildi.

4. KAFLI. EFTIRLIT.

4.1. EFTIRLIT.

4.1.1. Byggingarfulltrúi annast eftirlit með skiltum og auglýsingum og leyfum fyrir þeim í umboði byggingarnefndar. Hann skal ganga úr skugga um að uppsett skilti séu í samræmi við leyfi og vekja athygli umsækjenda á annmörkum og frávikum.

Þegar skilti (auglýsing) er sett upp án leyfis og / eða stríðir gegn ákvæðum samþykktar þessarar, skal byggingarfulltrúi, ef hann álitur skiltið samræmast ákvæðum skora skriflega á eiganda/eigendur þess eða lóðarhafa ef eigandi er ókunnur, að sækja um leyfi fyrir því innan tímamarka, sem byggingarfulltrúi ákveður og sem skulu að jafnaði ekki vera skemmri en tvær vikur. Verði eigandi skiltis, eða eftir atvikum lóðarhafi, ekki við áskorun byggingarfulltrúa, eða telji byggingarfulltrúi hættu stafa af óleyfis-skilti, skal fara með slík mál eftir ákvæðum 9. kafla byggingarreglugerðar.

5. KAFLI. SKILTI SEM ERU HÁÐ LEYFUM.

5.1. Skilti (auglýsingar), sem í 5. kafla samþykktar þessarar greinir, eru háð leyfi samkvæmt 3. kafla.

5.2 SKILTI Á ÍBÚÐARSVÆÐUM.

5.2.1. Þjónustuskilti sem eru stærri en 0.1 m².

5.2.2. Þjónustuskilti fyrirtækja eða stofnanna sem eru stærri en 1.5 m².

5.2.3. Skilti sem auglýsa sölu eða leigu á eign og eru stærri en 0.5 m² og/ eða fleiri en eitt á eign.

5.2.4. Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru stærri en 2.0 m².

5.2.5. Skilti sem sýna deiliskipulag svæða og eru stærri en 3.0 m².

5.3. SKILTI Á STOFNANASVÆÐUM, MIÐHVERFUM OG Á VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐUM.

5.3.1. Þjónustuskilti sem eru stærri en 1.5 m².

5.3.2. Skilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis og eru stærri en 0.75 m² og/ eða fleiri en eitt á eign.

5.3.3. Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru stærri en 3.0 m².

5.4. SKILTI Á ATHAFNA-, IÐNAÐAR- OG HAFNARSVÆÐUM.

5.4.1. Skilti sem gefa til kynna heiti, starfsemi, vöru, þjónustu og afgreiðslutíma fyrirtækja á viðkomandi lóð og eru stærri en 3.0 m².

5.4.2. Að öðru leyti eru öll þau skilti sem eru háð leyfi á stofnanasvæðum háð leyfi á athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæðum.

5.5. SKILTI Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR.

5.5.1. Leyfi samkvæmt 3. kafla þarf fyrir öllum skiltum og auglýsingum, sem samþykkt þessi tekur til, að þessum undanskildum.

a) Þjónustuskiltum, sem eru minni en 1,5 m².

b) Bráðabirgðaskiltum, sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis og eru ekki stærri en 0,75 m² og ekki fleiri en eitt á hverri eign (matshluta)

c) Bráðabirgðaskilti, sem veita upplýsingar um nýbyggingar, breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru ekki stærri en 3,0 m². Á skiltum skulu aðeins koma fram upplýsingar varðandi mannvirkid, þær framkvæmdir, sem um er að ræða og þá, sem að þeim standa. Skilti samkvæmt þessum lið skulu fjarlægð í verklok.

5.5.2. Við veitingu leyfa í miðborg Reykjavíkur skal gæta þess að skilti falli vel að umhverfinu og séu í samræmi við byggingarstíl húss bæði hvað varðar gerð og litaval.

5.6. SKILTI Á FRIDLÝSTUM SVÆÐUM, BORGARVERNDUÐUM SVÆÐUM, ALMENNUM ÚTIVISTARSVÆÐUM, GARÐSVÆÐUM OG LEIKSVÆÐUM.

5.6.1 Upplýsingaskilti sem eru stærri en 2 fermetrar.

5.7. BRÁÐABIRGÐASKILTI.

5.7.1. Öll bráðabirgðaskilti eru háð leyfi. Um stærð þeirra og staðsetningu gilda sömu reglur og um önnur skilti. Um tímalengd leyfisveitinga fer eftir grein 3.2.2. í samþykkt þessari.

6.KAFLI. SKILTI SEM ERU BÖNNUD.

6.1 Skilti (auglýsingar), sem í 6. kafla samþykktar þessarar greinir, er óheimilt að setja upp eða koma fyrir.

6.2. SKILTI Á ÍBÚÐARSVÆÐUM.

6.2.1. Á lóðum á íbúðarsvæðum skal ekki veita leyfi fyrir öðrum skiltum en þjónustuskiltum sem eiga við viðkomandi lóð og skulu þau ekki fara yfir neðangreind mörk:

- a) Skilti á vegum opinberra fyrirtækja og stofnanna: stærri en 2.5 m². Ekki skulu vera fleiri en eitt skilti á hverri lóð.
- b) Skilti annarra verslunar- og þjónustustufyrirtækja sem eru stærri en 2.5 m². Samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 2.5 m² fyrir hverja 1000 m² lóðar.

6.2.2. Tölvustýrð fletti- og ljósaskilti eru ekki leyfð á íbúðarsvæðum.

6.3. SKILTI Á STOFNANASVÆÐUM.

6.3.1. Einstök skilti skulu ekki vera stærri en 3.0 m². Samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 3.0 m² fyrir hverja 1000 m² lóðar.

6.4. SKILTI Á ATHAFNA-, IÐNAÐAR- OG HAFNARSVÆÐUM.

6.4.1. Einstök skilti skulu ekki vera stærri en 6.0 m². Samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 6.0 m² fyrir hverja 1000 m² lóðar.

6.5. SKILTI Í MIÐHVERFUM OG Á VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐUM.

6.5.1. Einstök skilti skulu ekki vera stærri en 6.0 m². Samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 8.0 m² fyrir hverja 1000 m² lóðar.

6.5.2. Ekki er heimilt að strengja borða á milli húsa og/ eða yfir götur í miðhverfum og á verslunar- og þjónustusvæðum.

6.6. SKILTI Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR.

6.6.1. Tölvustýrð fletti- og ljósaskilti eru ekki leyfð í miðborg Reykjavíkur.

6.6.2. Sjálfstætt standandi skilti önnur en þjónustuskilti eru ekki leyfð í miðborg Reykjavíkur. Þjónustuskilti skulu ekki vera stærri en 1,5 m². Önnur einstök skilti skulu ekki vera stærri en 2,5 m². Samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 6,0 m² fyrir hverja 1000 m² lóð.

6.6.3. Ekki er heimilt að strengja borða á milli húsa og/ eða yfir götu í miðborginni.

6.6.4. Ekki er heimilt að setja upp veggspjöld utanhúss og ekki er heimilt að líma upp aðrar auglýsingar nema á þar til gerðum skiltastöndum í eigu Reykjavíkurborgar.

6.6.5. Ekki er heimilt að setja s.k. skiltasamlokur á gangstéttir og/eða annað land í eigu Reykjavíkurborgar.

6.7. SKILTI Á FRIÐLÝSTUM SVÆÐUM, ALMENNUM ÚTIVISTARSVÆÐUM, GARÐSVÆÐUM OG LEIKSVÆÐUM.

6.7.1. Tölvustýrð fletti- og ljósaskilti eru ekki leyfð á friðlýstum svæðum, borgarvernduðum svæðum, almennum útivistarsvæðum og leiksvæðum

6.7.2. Á friðlýstum svæðum, borgarvernduðum svæðum, almennum útivistarsvæðum og leiksvæðum eru aðeins leyfð skilti sem gefa upplýsingar um friðlýsingar, gönguleiðir, örnefni, útivistaraðstöðu og fræðslu um sögu og náttúru svæðanna og þau sem gefa til kynna bann við umferð vélknúinna ökutækja, hjóla, hesta og hunda.

6.8. SKILTI Á FLUGVALLARSVÆÐI.

6.8.1. Ekki er heimilt að setja upp auglýsingaskilti, bráðabirgðaskilti né nokkuð annað skilti á helgunarsvæðum flugbrauta.

6.9. SKILTI VIÐ STOFN- OG TENGIBRAUTIR.

6.9.1. Skilti önnur en umferðar- og vegvísunarmerki eru ekki leyfð á helgunarsvæðum stofn- og tengibrauta.

6.9.2. Ekki eru leyfð auglýsingaskilti á stöndum sem snúa að stofn- og tengibrautum og eru nær vegbrún gatnamóta en 100 m eða nær vegbrún götu en 20 m. Skilti mega ekki vera nær umferðar- og vegvísunum eða öðrum umferðarútbúnaði en 20 m. Ef hámarkshraði á stofn- eða tengibraut er 60 km/klst má auglýsingaskilti á standi ekki vera nær umferðar- og vegvísunum eða öðrum umferðarútbúnaði en 30 m og ef hámarkshraði er 70 km/klst þá ekki nær en 40 m.

6.9.3. Ekki eru leyfð fleiri en eitt sjálfstætt skilti á þeim hluta lóðar sem snýr að götu nema lóðin sé lengri en 200 m í stefnu samsíða götu.

6.9.4. Skilti sem snúa að stofn- og tengibrautum önnur en þjónustuskilti fyrir viðkomandi lóð eru óheimil. Þetta á þó ekki við um flettiskilti.

6.9.5. Ljósaskilti með blikkandi ljósum eða hreyfimyndum sem snúa að stofn- eða tengibrautum eru óheimil annars staðar en í miðhverfum.

6.10. SKILTI VIÐ SAFN- OG HÚSAGÖTUR.

6.10.1. Á lóðum sem liggja að safn- og húsagötum er óheimilt að setja upp auglýsingaskilti, sem eru stærri en hálfur m², nær vegbrún gatnamóta en 100 m ef gatan mætir stofn- eða tengibraut. Að öðrum kosti er óheimilt að setja upp auglýsingaskilti nær vegbrún gatnamóta en 50 m. Skilti mega ekki vera nær umferðar- og vegvísunum eða öðrum umferðarútbúnaði en 20 m.

6.10.2. Ekki eru leyfð fleiri en eitt sjálfstætt skilti á þeim hluta lóðar sem snýr að götu nema að lóðin sé lengri en 70 m í stefnu samsíða götu.

6.10.3. Ekki eru leyfð flettiskilti og ljósaskilti á lóðum við safn- og húsagötur.

6.11. ÖRYGGI.

6.11.1. Skilti mega ekki vera þannig útfærð að þau líkist vegvísunum og öðrum umferðarmerkjum á nokkurn hátt, eða þannig staðsett að þau hindri útsýni við gangbrautir og innkeyrslur. Ef breytingar verða á gatnamótum eða nauðsynlegt reynist að breyta umferðarmerkingum skulu eigendur skilta færa þau þannig að þau uppfylli ákvæði í samþykkt þessari.

7. KAFLI. ALMENN ÁKVÆÐI.

7.1. REGLUGERÐIR.

7.1.1. Ákvæði byggingarreglugerðar nr. 177, 1992 með síðari tíma breytingum gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt samþykkt þessari.

7.1.2. Byggingarnefnd veitir leyfi fyrir flettiskiltum og ljósaskiltum. Aðeins skal heimila slík skilti á fullgrágengnum lóðum. Við veitingu leyfis ber að gæta þess að skilti falli eins vel að umhverfi sínu og kostur er og ber að vanda sérstaklega til allrar hönnunar. Á flettiskiltum og ljósaskiltum skal ekki líða minna en ein mínúta frá því að ein auglýsing birtist og þar til sú næsta birtist. Það á þó ekki við um tölvustýrð ljósaskilti, sem byggjast á hreyfimyndum.

7.2. LÓÐARHAFAR.

7.2.1. Leyfi lóðarhafa þarf til þess að koma skilti eða auglýsingu fyrir á lóð. Þegar um er að ræða skilti sem eru háð leyfi skal byggingarfulltrúi fara fram á að umsækjandi leggi fram skriflegt samþykki lóðarhafa skv. lögum um fjöleignarhús nr. 26, 1994. Byggingarfulltrúi skal gefa nágrönnum kost á að tjá sig um umsókn um uppsetningu skilta telji hann að þeir eigi hagsmuna að gæta. Hann getur einnig lagt fyrir umsækjanda að afla samþykkis tiltekinna nággranna.

7.2.2. Skilti skulu staðsett innan lóðamarka viðkomandi lóðar nema í sérstökum undantekningartilvikum t.d. skilti með upplýsingum um bílastæði. Við staðetningu slíkra skilta skal þess jafnan gætt að þau gangi ekki á rétt nággranna og skapi ekki slysaþættu og skal í öllum tilvikum sækja um leyfi fyrir þeim. Reykjavíkurborg er þó heimilt að setja upp skilti á borgarlandi utan lóða, að öðrum skilyrðum uppfylltum, enda þjóni þau tilteknum þörfum þar sem þau eru sett. Sérstakt leyfi þarf er skilti skagar út yfir lóðarmörk.

7.3. SAMRÆMING.

7.3.1. Við hönnun skilta skal tekið tillit til nálæggra mannvirkja og gætt samræmis við skilti sem fyrir eru á lóð og fjölda þeirra.

7.4. HÁMARKSHÆÐ OG ÚTKRÖGUN SKILTA.

7.4.1. Efsti hluti skiltis eða skiltastands skal ekki vera hærri en þakbrún nærliggjandi húsa. Mesta hæð skiltis eða skiltastands má þó aldrei vera hærri en 8 m miðað við gólfkóta 1. hæðar næsta húss á sömu lóð.

7.4.2. Skilti, sem fest er á skiltastand, hús eða annað mannvirki, má ekki vera neðar en 2,60 metra hæð frá gangstétt og ekki 4,20 m frá götu.

7.4.3. Skilti má ekki skaga meira fram en 0.75 m frá húshlið.

8.KAFLI. ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

8.1. ELDRI SKILTI.

8.1.1. Byggingarfulltrúi getur krafist þess að eldri skilti (auglýsing), sem sett hafa verið upp án leyfis fyrir gildistöku samþykktar þessarar, skuli fjarlægð þegar í stað ef þau hafa að hans mati truflandi áhrif á umferð eða valda verulegum umhverfisspjöllum. Að öðru leyti skal fara með þessi skilti samkv. ákvæðum 9. kafla byggingarreglugerðar.

8.1.2. Byggingarnefnd skal með almennri auglýsingu í dagblöðum gefa eigendum annarra eldri óleyfisskilta (-auglýsinga), sem uppfylla kröfur samþykktar þessarar, kost á að sækja um leyfi fyrir þeim innan eins árs frá birtingu auglýsingarinnar. Í auglýsingu byggingarnefndar skal koma fram, að eftir lok frestsins geti byggingarfulltrúi, samkv. heimild í 9. kafla byggingarreglugerðar, látið fjarlægja óleyfisskilti (-auglýsingar) án frekari fyrirvara á kostnað eigenda þeirra.

8.1.3. Byggingarfulltrúi getur þegar sérstaklega stendur á veitt undanþágur frá samþykkt þessari varðandi eldri skilti.

9. KAFLI. HEIMILD TIL UN DANTEKNINGA.

9.1. HEIMILD TIL UN DANTEKNINGA.

9.1.1. Byggingarnefnd getur vikið frá ákvæðum um staðsetningu og stærð skilta þegar sérstakar ástæður mæla með. Leita skal umsagnar skipulagsnefndar og umferðarnefndar/umhverfismálaráðs eftir því sem við á að mati byggingarfulltrúa.

10. KAFLI. REFSIÁKVÆÐI.

10.1. REFSIÁKVÆÐI.

10.1.1. Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan tilskilins frests, eða brýtur á annan hátt gegn ákvæðum samþykktar þessarar, getur byggingarnefnd beitt ákvæðum 9. kafla byggingarreglugerðar nr. 177/1992.

11. KAFLI. GILDISTÖKUÁKVÆÐI.

11.1. GILDISTÖKUÁKVÆÐI.

11.1.1. Við gildistöku samþykktar þessarar falla úr gildi reglur um gerð og staðsetningu skilta eins og þær voru samþykktar í borgarráði þ. 17. júlí 1990 ásamt seinni breytingum.

Viðauki I Greinargerð

GREINARGERÐ

1. kafli

MARKMIÐ

- 1.1. Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Reykjavíkur þannig að þau ógni ekki öryggi akandi og gangandi vegfarenda, að þau séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau hafi ekki spillandi áhrif á umhverfi og ásýnd borgarinnar.
- 1.1.2. Að auðvelda afgreiðslu umsókna um skilti.

2. kafli

LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM

- 2.1. **Öryggi.**
 - 2.1.1. Til þess að koma í veg fyrir að skilti ógni öryggi akandi og gangandi vegfarenda eru ákvæði um fjarlægðir skilta frá gatnamótum og vegbrúnum og fletti- og veltiskilti sem og tíðni skiptingu mynda á þeim. Í sama tilgangi eru borðar, sem strengdir eru yfir götu, ekki leyfðir. Ákvæði um hæð skilta frá gangstétt í miðborginni og hve mikið þau megi skaga fram eru sett sérstaklega með öryggi gangandi vegfarenda í huga.
- 2.3. **Íbúar.**
 - 2.3.1. Í reglugerðinni eru ákvæði um grenndarrétt, þ.e. að íbúum sem búa í nágrenni þar sem hugmynd er um að setja upp skilti verði kynnt hún áður og að þeir geti gert athugasemdir við staðarval skiltis og eða auglýsingar, og eða gerð og uppsetningu þess. Staðsetning og útfærsla getur skert rétt íbúanna til útsýnis eða að þeir verði fyrir ýmiss konar óþægindum.
- 2.2. **Umhverfi og ásýnd borgarinnar**
 - 2.2.1. Til þess að skilti spilli ekki umhverfi og ásýnd borgarinnar eru ákvæði í reglugerðinni um fjölda skilta, stærð þeirra og tímatakörk á hvað bráðabirgðaskilti fá að vera lengi uppi. Jafnframt er kveðið á um að að gæta skuli samræmis við umhverfið þegar skilti eru sett upp.
- 2.4. **Afgreiðsla**
 - 2.4.1. Reglurnar kveða á um hvaða skilti og auglýsingar eru óháðar leyfisveitingu og hverjar ekki þannig að mál komi ekki til afgreiðslu embætti byggingarfulltrúa nema þegar við á.

Viðauki II

Skilti sem eru óháð leyfum

SKILTI SEM ERU ÓHÁÐ LEYFUM.

1.1. SKILTI Á ÍBÚÐARSVÆÐUM.

1.1.1. Skilti sem sýna nafn og heimilisfang ábúenda lóðarinnar og eru ekki stærri en 0.1 fermetrar.

1.1.2. Skilti fyrirtækja eða opinberra stofnanna í íbúðarhverfum sem segja til um nafn og/ eða starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar og eru ekki stærri en 1.5 fermetrar.

1.1.3. Skilti sem auglýsa sölu eða leigu á eign og eru ekki stærri en 0.5 fermetrar og aðeins eitt á hverri eign. Með orðinu eign er átt við matshluta. 1.1.4. Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerð á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru ekki stærri en 2.0 fermetrar. Á skiltum skulu aðeins koma fram heiti mannvirkis, uppdrættir af því, nöfn hönnuða, verktaka og húsbyggjenda og áætluð verklok og þau skal fjarlægja þegar við lok framkvæmda. Byggingarfulltrúi getur ákvarðað hvenær hann telur þeim lokið.

1.1.5. Skilti sem sýna deiliskipulag svæðis og eru ekki stærri en 3.0 fermetrar. Aðeins skal leyfa **eitt** skilti fyrir hvert svæði og má ekki reisa það fyrir en deiliskipulagið hefur verið samþykkt. Það skal ekki standa lengur uppi en eitt ár.

1.2. SKILTI Á STOFNANASVÆÐUM.

1.2.1. Skilti sem gefa til kynna heiti, starfsemi og afgreiðslutíma stofnanna og eru ekki stærri en 1.5 fermetrar.

1.2.2. Skilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnaðis á stofnanasvæðum og eru ekki stærri en 0.75 fermetrar og aðeins eitt á hverri eign/matshluta.

1.2.3. Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerð á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru ekki stærri en 3.0 fermetrar. Á skiltum skulu aðeins koma fram heiti mannvirkis, uppdrættir af því, nöfn hönnuða, verktaka og húsbyggjenda og áætluð verklok og þau skal fjarlægja við lok framkvæmda. Byggingarfulltrúi getur ákvarðað hvenær hann telur þeim lokið.

1.2.4. Að öðru leyti eru öll þau skilti og auglýsingar sem eru óháð leyfi á íbúðarsvæðum einnig óháð leyfi á stofnanasvæðum.

1.3. SKILTI Á ATHAFNA-, IÐNAÐAR OG HAFNARSVÆÐUM.

1.3.1. Skilti sem gefa til kynna heiti, starfsemi, vöru, þjónustu og afgreiðslutíma fyrirtækja á viðkomandi lóð og eru ekki stærri en 3.0 fermetrar.

1.3.2. Að öðru leyti eru öll þau skilti sem eru óháð leyfi á stofnanasvæðum einnig óháð leyfi á athafna-, iðnaðar og hafnarsvæðum.

1.4. SKILTI Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR, MIÐHVERFUM OG Á VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐUM.

1.4.1. Öll skilti og auglýsingar sem eru óháð leyfi á stofnanasvæðum eru einnig óháð leyfum í miðborg Reykjavíkur, miðhverfum og á verslunar og þjónustusvæðum.

1.5. SKILTI Á FRIDLÝSTUM SVÆÐUM, ALMENNUM ÚTIVISTARSVÆÐUM, GARÐSVÆÐUM OG LEIKSVÆÐUM.

1.5.1 Skilti sem gefa upplýsingar um friðlýsingar, gönguleiðir, örnefni, útivistaraðstöðu og fræðslu um sögu og náttúru svæðisins og ekki eru stærri en 2 fermetrar.

Viðauki III

Atriðaorðalisti

Atriðaorðalisti

Samþykkt

Athafnasvæði	5.4,6.4.
Ágreiningur	1.4.
Borðar á milli húsa/yfir götu	6.5.2.,6.6.3.
Bráðabirgðaskilti.....	2.4.,3.2.2.,5.7.
Eftirlit	4.1.
Eldri skilti.....	8.1.
Flettiskilti	2.2.,6.6.1.,6.7.1.,6.10.3.,7.1.2.
Flugvallarsvæði.....	6.8.
Friðlýst svæði.....	5.6.,6.7.1.,6.7.2.,5.6.
Fræðsluskilti.....	1.5.,6.7.2.
Gildissvið	1.1.,1.2.
Gildistökuákvæði	11.1.
Hafnarsvæði	5.4.
Hámarkshæð og útkrögun skilta.....	7.4.
Heimild til undantekninga	9.1.
Iðnaðarsvæði	5.4.
Íbúðarsvæði.....	5.2.
Leyfisgjald	3.2.6, 3.2.5,3.2.4.
Leyfisveiting	3.2.
Ljósaskilti.....	2.3.,6.2.2.,6.6.1.,6.7.1.,6.10.3.
Lóðarhafar.....	7.2.
Miðborg.....	2.10.,5.5.
Miðhverfi	5.3.
Refsiákvæði	10.1.
Reglugerðir	7.1.
Réttindi til að hanna skilti	3.1.2.
Safn- og húsagötur.....	6.10.
Sala eða leiga	5.2.3, 5.3.2.
Samræming	7.3.
Skiltasamlökur	6.6.5.
Skiltastandar.....	3.1.2.
Stofn- og tengibrautir.....	2.11.,6.9.
Stofnanasvæði	5.3, 6.3.
Umsóknir.....	3.1.
Undanþágur	1.3.
Upplýsingaskilti	2.5.
Útivistarsvæði	2.5.,5.6.,6.7.
Veggspjöld.....	2.6.,6.6.4.
Verslunar- og þjónustusvæði	5.3.,6.5.
Þjónustuskilti	2.7.
Öryggi	6.11.

Viðauki I

Afgreiðsla.....	2.4.
Borðar á milli húsa/yfir götu.....	2.1.1.
Bráðabirgðaskilti.....	2.2.1.
Flettiskilti.....	2.1.1.
Grenndarréttur.....	2.3.1.
Markmið.....	1.1.
Öryggi.....	2.1.

Viðauki II

Athafnasvæði.....	1.3.
Hafnarsvæði.....	1.3.
Friðlýst svæði.....	1.5.
Garðsvæði.....	1.5.
Iðnaðarsvæði.....	1.3.
Leiksvæði.....	1.5.
Miðborg.....	1.4.
Miðhverfi.....	1.4.
Nýbyggingar.....	1.2.3.
Sala eða leiga.....	1.1.3.
Stofnanasvæði.....	1.2.2.
Útivistarsvæði.....	1.5.
Verslunar- og þjónustusvæði.....	1.4.